

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborg**  
**annars vegar**  
**og Alþýðusamband Íslands hins vegar,**  
**fyrir hönd aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands,**  
**Flóabandalagsins (Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og**  
**sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis),**  
**Rafiðnaðarsambands Íslands og Samiðnar, VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna**  
**og Matvís**  
**gera með sér eftirfarandi**  
**S A M K O M U L A G**  
**um breytingar á ákvæði 14.1.2 eða 14.2.1 í gildandi kjarasamningum**

**14.1 Greiðslur í lífeyrissjóði**

- 14.1.1 Starfsmaður, 16 ára og eldri, skal greiða 4% af heildarlaunum í lífeyrissjóð viðkomandi aðildarfélags ASÍ.
- 14.1.2 Mótframlag vinnuveitanda skal vera 11,5%.

**14.2 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar**

- 14.2.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

**Ákvæði til bráðabirgða um sérstakan lífeyrisauka**

Greiða skal sérstakan lífeyrisauka, sem greiddur skal mánaðarlega, vegna þeirra félagsmanna ofangreindra stéttarféлага sem eru virkir greiðendur í lífeyrissjóði viðkomandi stéttarféлага á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017 og starfa hjá ríki eða Reykjavíkurborg og skulu þeir eiga rétt til þessa lífeyrisauka á meðan þeir starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 2. mgr.

Félagismaður sem ekki greiddi iðgjöld síðustu 12 mánuði fyrir 1. júní 2017, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans hjá ríki eða Reykjavíkurborg hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 1. mgr.

Verði rof á ráðningarsambandi af öðrum ástæðum en segir í 2. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Félagsmenn sem voru ekki í starfi á tímabilinu frá júní 2016 til júní 2017 eiga



rétt á greiðslu lífeyrisauka verði þeir ráðnir til starfa hjá ríki eða Reykjavíkurborg á ný eigi síðar en tólf mánuðum eftir undirskrift samkomulags þessa. Heimilt er að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs félagsmanna.

Félagsmenn sem færast milli ríkis og Reykjavíkurborgar og eiga rétt til sérstaks lífeyrisauka skulu halda þeim rétti og er nýr launagreiðandi skyldugur til að greiða viðbótariðgjaldið eins og það er á hverjum tíma. Þann sama rétt skulu félagsmenn sem hefja störf hjá ríki eða Reykjavíkurborg og starfa hjá stofnunum eða fyrirtækjum, sem fjármagnaðar eru með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum frá ríki eða Reykjavíkurborg og gert hafa kjarasamning við ofangreind félög með beinni tilvísun í kjarasamninga fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eða Reykjavíkurborgar og uppfylla ákvæði 1., 2. og 3. mgr. enda hafi þessar stofnanir og fyrirtæki undirgengist sömu skyldur gagnvart félagsmönnum sem starfa hjá ríki og Reykjavíkurborg og hefja störf hjá þeim.

Starfsmaður öðlast þennan rétt hjá nýjum vinnuveitanda frá upphafi ráðningar, enda hafi hann lagt fram staðfestingu frá fyrri vinnuveitanda, ella öðlast hann þann rétt frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn þar að lútandi frá fyrri vinnuveitanda.

Iðgjald til sérstaka lífeyrisaukans skal fara eftir ákvörðun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og skal það endurskoðað árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun sjóðsins á iðgjaldi til launagreiðenda sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum. Skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár, en iðgjald vegna ársins 2017 skal vera 5,85% skv. tilkynningu LSR frá 7. apríl s.l.

Með ofangreindu ákvæði til bráðabirgða um sérstakan lífeyrisauka fellur niður núgildandi ákvæði 2. mgr. 14.2.1 (ríki) og 2. mgr. 14.1.2 (Reykjavíkurborg) um tengingu mótframlags vinnuveitanda við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna nema að til komi enn frekari framlög til varúðarsjóðs, lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar LSR á grundvelli bráðabirgðaákvæðis X.b og X.c í lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og munu þá aðilar semja um það hvernig við því verði brugðist með sambærilegum hætti.

Reykjavík, 21. september 2017

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra



f.h. Reykjavíkurborgar  
með fyrirvara um samþykki  
Borgarráðs



f.h. aðildarfélaga ASÍ með fyrirvara um  
samþykki viðkomandi samninganefnda

